

Umhverfisstofnun
Áb. _____
21. ágú. 2015
Tilv. _____

Matvælastofnun  
Austurvegi 64  
800 Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 21. ágúst 2015  
UST201508-011/B.S.  
08.12.01

### Efni: Umsókn um ræktunarleyfi - kræklingur í Króksfirði. Umsögn


Vísað er til bréfs Matvælastofnunar dags. 5. ágúst sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.


Sótt er um leyfi til að framleiða allt að 50 tonn á ári. Fyrirhugað er að innan ræktunarsvæða fari einungis fram áframræktun og geymsla á stærri skel. Smáskelja verður aflað utan ræktunarsvæða.

Til að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum er gert ráð fyrir að uppskera á hektara geti orðið allt að 1000 kg en þekkt er að þéttleiki við náttúrulegar aðstæður getur orðið enn meiri. Ekki liggur fyrir endanleg staðsetning þeirra lína sem settar verða út.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda umsókn. Stofnunin telur hins vegar að leyfisveitandi eigi að leggja ríka áherslu á að ef ræktun verði hætt verði allur útbúnaður í sjó fjarlægður.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri